

Nd.

297. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39 16. nóvember 1907 taka til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhúsvinnu. Fjársektardóma má þó ekki skilorðsbinda, að því er sektir snertir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til þeirra brota, sem þá eru ódæmd.

Greinargerð.

Lögin um skilorðsbundna hegningardóma ná, eins og kunnugt er, aðeins til þeirra afbrota, sem falla undir hin almennu hegningarlög. Hið sama er um ákvæði laga nr. 51 7. maí 1928. En í fjölda annara laga eru refsíákvæði, og fyrir brot gegn þeim má ekki beita skilorðsbundinni refsingu, þótt þau, allmörg þeirra að minnsta kosti, séu smáfelldari en þau brot, sem um er rætt í hinum almennu hegningarlögum. Það þykir því rétt að gefa dómurum kost á að dæma í skilorðsbundna refsingu einnig þá, sem verða brotlegir gegn öðrum lögum en hinum almennu hegningarlögum, þar sem slíkir dómur virðast hafa gefizt vel.